



## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Efni: Svar við fyrirspurn um akstursþjónustu*

Á. 357. fundi velferðarráðs þann 21. ágúst 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*„Í svari velferðarsviðs við tillögu Flokks fólksins um að hafa skipulagðar ferðir frá íbúakjörnum eldri borgara og félagsmiðstöðva á söfn og aðra viðburði kom fram að borgin bjóði upp á akstursþjónustu sem Strætó bs. sér um að framkvæma fyrir velferðarsvið og sem hægt er að panta með tveggja tíma fyrirvara í gegnum þjónustuver alla virka daga frá 07:00 til 18:00 og um helgar frá kl. 09:00 til 14:00. Einnig er hægt að panta ferðir á netinu. Akstursþjónustan er í boði á virkum dögum frá kl. 6:30 til kl. 01:00, laugardögum frá kl. 8:00 til kl. 01:00 og sunnudögum frá kl. 11:00 til kl. 01:00. Flokkur fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á kostnaði í tengslum við akstursþjónustuna: Hver er kostnaður við ferð/ferðir? Hver er biðtíminn eftir að bill komi? Hverjir nýta sér helst þjónustuna, karlar, konur, aldur og búseta?“*

### **Svar**

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó er meðalkostnaður við ferð í akstursþjónustu aldraðra og fatlaðra kr. 3.918,-. Hér er um að ræða heildarkostnað ferðar sem greiddur er bæði af Reykjavíkurborg og notendum þjónustunnar. Notendur akstursþjónustu aldraðra greiða samkvæmt gjaldskrá akstursþjónustu eldri borgara, 1215 kr. óháð fjölda ferða.

Sé litið til biðtíma allra ferða akstursþjónustunnar á tímabilinu janúar til júní 2019 voru 82% ferða farnar 0-5 mínútur frá pöntuðum tíma. 5% voru farnar 10-15 mínútur frá pöntuðum tíma og 3% meira en 15 mínútur frá pöntuðum tíma.

Greining á notendum akstursþjónustu aldraðra á tímabilinu janúar til júní 2019 leiðir í ljós að 17% notenda eru karlar og 83% konur. Af 505 notendum þjónustunnar bjuggu 69 í þjónustuíbúðum aldraðra. Aldurskipting notendanna er eftirfarandi:

67-71 ára	4,3%
72-76 ára	13,8%
77-81 ára	19,3%
82-86 ára	30,2%
87-91 ára	22,3%
92-96 ára	9,1%
97-101 ára	1,0%